

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 403/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Lindu Dögg Ragnarsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1996 að ósk ákærðu, sem skírskotar um tilgang áfrýjunar til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Einnig er áfrýjað af hálfu ákærvaldsins, að því er hana varðar. Vegna þriggja annarra ákærðra, sem málið náði til, er ekki óskað áfrýjunar.

Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að refsing ákærðu verði þyngd.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hún verði sýknuð af ákæru um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en verknauður hennar í þess stað talinn varða við vægara ákvæði hegningarlaganna, aðallega 217. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, en til vara 1. mgr. 218. gr. Jafnframt verði refsing ákærðu ákveðin svo væg sem lög leyfi og fullnustu hennar frestað skilorðsbundið. Verði vist ákærðu í gæsluvarðhaldi látin koma í stað refsingar að því leyti, sem refsivistun verði dæmd.

I.

Eins og skilmerkilega er rakið í hinum áfrýjaða dómi, er mál þetta risið af atvikum, sem gerðust í miðbæ Akraneskaupstaðar aðfaranótt laugardagsins 20. janúar 1996, þegar fjöldi ungmenna var þar á ferli. Varð 16 ára skólastúlka, Ingunn Guðmunda Pétursdóttir, þar fyrir árás þriggja stúlkna á sama reki, sem veittust að henni með hrindingum, höggum og spörkum. Ákærða Linda Dögg Ragnarsdóttir, þá 18 ára að aldri, var lengst af í hópi áhorfenda að þessum

atgangi, en skarst í leikinn, þegar hann hafði borist á þriðja staðinn, sem tilgreindur er í ákæruskjali. Gekk hún þá að Ingunni og greiddi henni höfuðhögg með svokölluðu hnésparki, þannig, að hún keyrði höfuð stúlkunnar niður með handtaki á móti krepptum fæti. Með þessari atlögu lauk aðförinni, og varð ein fyrrgreindu stúlkanna til þess að styðja Ingunni að nálægu húsi, þar sem hún hitti fyrir vinkonu sína, er hjálpaði henni að ná til læknis.

Samkvæmt gögnum málsins virðast árásir stúlkanna þriggja ekki hafa verið svo ofsafengnar, að líkur séu á því, að þangað megi rekja þá innri áverka á höfði Ingunnar, sem í ljós komu við aðgerð á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hins vegar var höggið af hnésparki ákærðu greinilega til þess fallið að valda þessum áverkum. Frásagnir vitna eru mjög svo samhljóða um, að höggið hafi verið þungt, og sjálf segir hún það hafa orðið mun fastara en hún ætlaðist til.

Að áliti skurðlæknisins, sem gerði aðgerðina að morgni sama dags, er ekki vafi á því, að þetta högg hafi tímans vegna getað verið orsök áverkanna. Við fyrri komu Ingunnar um nóttina á Sjúkrahús Akraness sýndi hún ekki merki um svo alvarlegt áfall, að ástæða þætti til að leggja hana þar inn. Eftir för sína þaðan var hún í fylgd vina sinna, þar til nokkru eftir að hún sofnaði í herbergi á jarðhæð í heimavist Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Um það bil klukkustund síðar var komið að henni meðvitundarlausri og liggjandi á grúfu frammi á dyrapalli heimavistarhússins. Ekki er vitað um sérstakar hindranir á leiðinni þangað, og stúlkan bar ekki heldur nein ytri áverkamerki við síðari komu sína á sjúkrahúsið. Að þessu og öðru athuguðu verður á það að fallast með dómendum í héraði, að fram sé komin nægileg sönnun þess, að umræddir áverkarnar stafi af högginu frá ákærðu.

Aðgerðin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur tókst giftusamlega og virðist hafa komið í veg fyrir alvarlegan skaða af völdum áverkanna, þegar litið er til framtíðar. Eigi að síður liggur fyrir, að áverkarnir höfðu bráða lífshættu í för með sér.

Með skírskotun til alls þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærða hafi orðið sek um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Á heimfærslan við bæði vegna afleiðinga verknaðarins og aðferðarinnar, sem beitt var gegn varnarlausum aðila.

II.

Við ákvörðun refsingar á hendur ákærðu ber meðal annars að líta til þess, að brot hennar var framið í æsingi, sem leiddi af atferli hinna stúlkanna og aðstæðum á vettvangi. Verður að meta það til þyngingar fremur en hitt, þótt ákærða hafi ekki átt frumkvæðið að þeim aðsúg, sem gerður var að fórnarlambi árásarinnar. Með þessari athugasemd og með hliðsjón af hættunni af verknadinum, sem unninn var án tilefnis af hálfu þess, er fyrir honum varð, ber að staðfesta ákvörðun dómenda í héraði um tveggja ára fangelsisrefsingu.

Vegna ungs aldurs ákærðu og þess, að hún hefur ekki áður komist í kast við lög, verður á hinn bóginn að hyggja að því, hvort skilorðsbinding þessarar refsingar komi til greina. Um hegðun ákærðu fyrir þennan atburð liggur ekkert misjafnt fyrir, og samkvæmt umsögn skólastjóra hennar í grunnskóla höfðu öll samskipti þar við hana verið „með miklum ágætum og með öllu árekstralaus“. Ætla má, að hún hafi gert sér takmarkaða grein fyrir þeirri hættu, sem hún var að stofna til. Staðfest er af hálfu aðstandenda og annarra, að hún iðrist framgöngu sinnar og hafi sýnt góða hegðun eftir atburðinn. Þá liggur fyrir, að hún hefur þegar þurft að sæta nær tveggja mánaða gæsluvarðhaldsvist. Samkvæmt vottorðum lækna og öðrum gögnum eru líkur til þess, að árásarþolinn nái fullum bata af meini sínu, þannig, að tjón af brotinu verði ekki stórfellt. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að kveða svo á, að fullnustu refsingar ákærðu skuli frestað og hún falla niður að fimm árum liðnum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Komi til fullnustu refsingarinnar, ber að taka tillit til varðhaldsvistar ákærðu, eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og um er mælt í dómsorði.

Hrafn Bragason gerir þá athugasemd, að honum þyki með tilvísun til framangreinds rökstuðnings fyrir skilorðsbindingu refsingar ákærðu nægilegt að ákveða henni fangelsi í 18 mánuði, sem yrði skilorðsbundin á þennan veg.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Linda Dögg Ragnarsdóttir, sæti fangelsi 2 ár, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 5 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsing til framkvæmda, ber að draga frá henni varðhaldsvist ákærðu frá 21. janúar til 16. mars 1996 með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði vegna ákærðu eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 8. október 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er í Stjórnarsýsluhúsinu að Stillholti 16-18, Akranesi, af Jónasi Jóhannssyni, settum héraðsdómara, sem dómsformanni og Helga I. Jónssyni og Ólafi Ólafssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-6/1996: Ákærvaldið gegn Lindu Dögg Ragnarsdóttur, G, B og R, sem tekið var til dóms 15. september síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. febrúar 1996, á hendur ákærðu, Lindu Dögg Ragnarsdóttur, kt. 070477-5729, Jaðarsbraut 23, G, f. 1980, B, f. 1980, og R, f. 1980, öllum á Akranesi, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 20. janúar 1996 í miðbæ Akraness í félagi ráðist á Ingunni Guðmundu Pétursdóttur, kt. 181279-4279, Suðurgötu 39, Akranesi, og slegið hana oft með krepptum hnefa í andlit og bók og sparkað í hana, fyrst allar ákærðu bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut, þar sem ákærðu hrintu Ingunni Guðmundu, svo að hún féll við, og spörkuðu í hana liggjandi. Síðan réðust ákærðu G, B og R á Ingunni með höggum og spörkum hjá verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg, og loks héldu þessar þrjár ákærðu áfram árásinni með höggum, spörkum og hrindingum við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu, þar sem ákærða Linda Dögg kom að, tók í hárið á Ingunni Guðmundu, beygði höfuð hennar niður og gaf henni hnéspark í andlitið, svo að mikill smellur heyrðist. Afleiðingar

Þessara árása voru þær, að Ingunn Guðmunda hlaut brot í höfuðkúpu á hægra gagnaugasvæði, mikla blæðingu milli ystu heilahimnu og höfuðkúpu með miklum þrýstingi á heila, sem olli djúpu meðvitundarleysi og bráðri lífshættu og marblettum á víð og dreif á fótleggjum og lærum. Var Ingunn Guðmunda flutt á Sjúkrahús Reykjavíkur, þar sem hún gekkst undir bráða-aðgerð vegna mikillar blæðingar í höfði, og er óvíst um batahorfur.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdar til refsingar“.

Efnisdómur var lagður á málið í Héraðsdómi Vesturlands 15. mars síðastliðinn. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 3. júní (mál réttarins nr. 151/1996), var dómur undirréttar og málsmeðferð ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Dómaraskipti urðu í málinu 13. júní. Málið var þingfest á nýjan leik 20. sama mánaðar.

Ákærðu halda uppi vörnum í málinu.

I.

Málsatvikalýsing.

Um kl. 2.30 aðfaranótt laugardagsins 20. janúar sl. kom Ingunn Guðmunda Pétursdóttir á Sjúkrahús Akraness í fylgd vinkonu sinnar, Evu Brár Hallgrímsdóttur. Ingunn, sem var ölvuð, kvartaði undan verk í höfði á hægra gagnaugasvæði. Í samtali stúlknanna við vakthafandi hjúkrunarfræðing og aðstoðarlækni hóf Eva Brá máls á því, að ráðist hefði verið á Ingunni og hún annaðhvort fengið hnéspark eða olnbogaskot í höfuðið. Einnig kom fram, að Ingunn hefði fyrr um kvöldið tekið inn verkjalyf við höfuðverk. Læknisskoðun leiddi hvorki í ljós sýnilega áverka né þreifiefmysli á höfði Ingunnar. Þá mældist blóðþrýstingur og púls innan eðlilegra marka. Ingunn var því útskrifuð um hálfri klukkustund frá komu. Áður fengu vinkonurnar þó fyrirmæli um að fara rakleitt heim og hafa samband við slysa-deild, ef ástand Ingunnar versnaði og hún færi að kasta upp.

Um kl. 6.50 að morgni sama dags var Ingunn færð meðvitundarlaus á sjúkrahúsið. Hún var þá köld og blaut og búin að missa þvag. Við skoðun sama lækni var ekki að sjá nein áverkamerki, hvorki á höfði, hálsi, bol né útlimum. Fljótlega vaknaði þó grunur um blæðingu í höfði. Að höfðu samráði við Þóri Ragnarsson, sérfræðing í heila- og taugaskurðlækningum, var ákveðið að senda Ingunni á Sjúkrahús Reykjavíkur. Þangað kom hún í þyrlu Landhelgisgæslunnar um kl. 9.00. Að lokinni læknisrannsókn og röntgenmyndatöku var Ingunn færð á skurðstofu til bráða-aðgerðar vegna mikillar blæðingar í höfði. Samkvæmt vottorði Þóris frá 20. janúar 1995 var Ing-

unn þá mjög hætt komin að hans mati og hefði látist, ef aðgerð hefði ekki verið gerð. Í vottorði sérfræðingsins frá 16. febrúar 1996, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Skoðun við komu hér sýnir, að hún er svæfð og hefur öndunarslöngu niður í barka um munninn. Ekki eru ytri áverkamerki á höfði, en allmikið um marbletti á við og dreif á lærum og kálfum, en önnur ytri áverkamerki sjást ekki við komu. Hún er við komu djúpt meðvitundarlaus með mjög mikið vikkað hægra ljósop.

Strax við komu var ljóst, að þessi stúlka hafði orðið fyrir miklum og alvarlegum áverka með teikn um mikið aukinn þrýsting inni á höfðinu, og var því í skyndi gerð tölvusneiðmyndarrannsókn á höfði, sem sýndi geysilega stóra og mikla blæðingu inn á höfuðið hægra megin. Um var að ræða svonefnda utanbastsblæðingu eða epidural hematoma, þ. e. a. s. blæðingu milli ystu heilahimnu og höfuðkúpeins. Þessi blæðing var geysilega stór og hafði valdið miklum þrýstingi á heilann. Sjúklingur var því í skyndi fluttur á skurðstofu, þar sem gerð var aðgerð á höfði sjúklings og blæðingin tæmd út og frekari blæðing stöðvuð. Aðgerðin gekk algjörlega áfallalaust. Eftir aðgerðina sýndi Ingunn strax merki um verulegar framfarir, en hafði þó lengi merki um mikla og alvarlega truflun í heilastarfsemi, sérstaklega heilastofnsstarfsemi, með verulega miklu spastisitet eða stífleika í öllum útlimum og verulega skerta meðvitund lengi framan af. Eftirlitstölvusneiðmyndir af höfði sýndu blæðinguna alla tæmda í burtu, en sýndu einnig merki um hjúg og bólgu í hægra heilahveli, en þessar breytingar gengu síðan smám saman til baka. Til að auðvelda meðferð Ingunnar var gerð 25. 1. 1996 aðgerð frá barka hennar, þannig, að sett var barkaslanga í gegnum skurð á hálsinum, og gerði þá aðgerð Sigurður Stefánsson, læknir á HNE-deild spítalans. Þessi barkarena var síðan fjarlægð, eftir að bati varð betri.

Við höfuðaðgerðina kom í ljós sprunga í höfuðkúpu á hægra gagnauga-svæði, og beint undir stungunni var rof í æð í ystu heilahimnu, og var sú æð blæðandi, þegar höfuðið var opnað, og eins og að ofan greinir, var sú blæðing stöðvuð og blóðköggullinn úr höfðinu tæmdur.

Eftir aðgerðina sýndi Ingunn hæggar, en stöðugar framfarir, og hafa þær sérstaklega verið góðar og hraðar undanfarnar tvær vikur. Nú, þegar um fjórar vikur eru liðnar frá áverkanum, hefur bati hennar orðið mjög góður. Taugasálfræðileg prófun, gerð í dag, 16. 2. 1996, sýnir eftir munnlegum upplýsingum, sem ég hef, ekki merki um neinar truflanir á heilastarfsemi, hvað varðar andlega getu og hæfni, og við taugaskoðun í dag finnast eingöngu væg merki um spastisitet, aukinn tonus í vöðvum útlíma með truflun á fín-

hreyfingum og jafnvægi. Hins vegar er Ingunn vel vakandi, skýr og „áttuð“ og meðvitundarástand hennar algjörlega eðlilegt, minni, innsýn og æðri heilastarfsemi eðlileg, og hún hefur engin lómunareinkenni, getur gengið óstudd og hefur þannig aðeins mjög væg merki um jafnvægistruflun og truflun í fínhreyfingum. Mín skoðun er sú, að þessi einkenni, sem eftir eru, muni að öllum líkindum ganga til baka, og ég tel góðar líkur á, að hún nái fullum bata og sitji ekki uppi með nein varanleg einkenni eftir þennan áverka.“

Ingunn útskrifaðist af barnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur 6. mars 1996.

II.

Kl. 9.34 að morgni umrædds laugardags hringdi faðir Ingunnar Guðmundu á lögreglustöðina á Akranesi og tilkynnti, að dóttir sín hefði orðið fyrir árás þriggja stúlkna, sem gengið hefðu í skrokk á henni. Meðal hinna grunuðu væri Linda Dögg Ragnarsdóttir, ein ákærðu í málinu.

Í þágu frumrannsóknar málsins var Eva Brá Hallgrímsdóttir, kt. 280379-5659, kvödd til skýrslugjafar hjá lögreglu kl. 10.59 sama morgun. Vitnið kvaðst hafa verið að skemmta sér með Ingunni kvöldið áður og sagði þær hafa farið saman niður í bæ eftir miðnætti. Einhvern tíma nætur hefði leiðir þeirra skilið. Um kl. 2.30 hafi síðan ákærðu Linda Dögg og R komið til vitnisins og skýrt frá því, að þær hefðu verið að berja Ingunni. Vitnið hafi síðan fundið Ingunni, þar sem hún var grátandi í þvottahúsi á neðri hæð hússins nr. 62 b við Suðurgötu. Með henni hafi verið Anna Sigríður Jóhannesdóttir, sem þar býr. Ingunn hafi þá þegar kvartað um mikinn höfuðverk, og því hafi vitnið farið með hana út og fengið Sævar Líndal Helgason til að aka þeim á sjúkrahúsið. Að skoðun lokinni hafi vakthafandi læknir sagt stúlkunum að fara heim til vitnisins, en þar, á heimavist Fjölbrautaskóla Vesturlands við Vogabraut, hafi Ingunn ætlað að gista um nóttina. Fljótlega eftir að þær komu út af sjúkrahúsinu, hafi Ingunn farið að gráta aftur og kvarta um kulda, ógleði og höfuðverk. Hún hafi þó ekki viljað fara heim og stúlkurnar því þegið far í bifreið Indriða Ragnars Grétarssonar og farið á rúntinn. Þær hafi síðan stigið út úr bifreið Indriða á Kirkjubraut og skömmu síðar sest þar inn í bifreið Óla Arnar Atlasonar, sem ekið hafi þeim, Gunnari Erni Péturssyni og Halldóri Hallgrími Gíslasyni á heimavistina. Ingunn hafi allan tímann verið að kvarta um mikinn verk í höfði. Er þær komu inn á herbergi vitnisins, hafi Ingunn lagst fyrir og sofnað, en vitnið farið aftur niður í bæ kl. 3.30 til að leita að sameiginlegri vinkonu þeirra, sem ákærða Linda Dögg hafi hóttað að berja einnig. Vitnið kvaðst hafa komið aftur heim um kl. 5.30 og þá fundið Ingunni meðvitundarlausu í

rúmi sínu. Björn Ágúst Magnússon, Gunnar Ágúst Ásgeirsson og Rögnvaldur Skúlason hafi síðan komið þar að og sagst hafa fundið Ingunni liggjandi úti á stétt fyrir framan innganginn að heimavistinni. Að sögn vitnisins hafi piltarnir haldið, að Ingunn svæfi ölvunarsvefni, og hefðu því borið hana inn í herbergi vitnisins, sem er á jarðhæð. Í samráði við móður Ingunnar hafi hún því næst verið flutt á sjúkrahús í bifreið piltanna. Vitnið kvað Ingunni lítið hafa getað tjáð sig um, hvað komið hefði fyrir, en þó hefði hún skýrt vitninu frá því, að ákærðu, Linda Dögg, R, G og B, hefðu barið hana. Vitnið bar á sama veg í öllum aðalatriðum við skýrslugjöf fyrir dómi.

Vitnin Anna Sigríður Jóhannesdóttir, kt. 160578-3009, Sævar Líndal Helgason, kt. 150978-3519, Indriði Ragnar Grétarsson, kt. 251176-5589, Gunnar Ágúst Ásgeirsson, kt. 251079-3079, Rögnvaldur Skúlason, kt. 300379-5169, og Björn Ágúst Magnússon, kt. 071278-4849, gáfu skýrslu hjá lögreglu dagana 20.-22. janúar 1996. Vitnin að frátöldum Birni Ágústi komu fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Ekkert þeirra varð vitni að ætlaðri árás á Ingunni Guðmundu, en framburður þeirra samrýmdist hins vegar framburði Evu Brár Hallgrímsdóttur um þau atvik, sem síðar gerðust og rakin hafa verið hér að framan. Vitnin voru flest allsgáð, en önnur höfðu neytt áfengis í hófi. Fram kom í vætti Gunnars Ágústs, að vitnið og félagar þess tveir hefðu verið að aka Hildi Sveinsdóttur, herbergisfélaga Evu Brár, á heimavistina milli kl. 5 og 6, er þeir komu að Ingunni liggjandi fyrir utan. Hildur hefði verið ofurölvi og í það mund að sofna í rúmi sínu, er þeir lögðu Ingunni í rúmið andspænis henni og fóru burt. Auk stúlkanna tveggja hefði þá verið í herberginu maður að nafni Gunnar Örn.

Vitnið Hildur Sveinsdóttir, kt. 290878-3579, gaf skýrslu við rannsókn og meðferð málsins. Vitnið kvað klukkuna hafa verið um 5, er það kom á heimavistina. Vitnið kvaðst hafa sofnað nær samstundis og ekki vaknað fyrr en kl. 12.30.

Vitnið Gunnar Örn Pétursson, kt. 240778-4919, gaf skýrslu við rannsókn og meðferð málsins. Vitnið bar, að það hefði greinda nótt, sennilega um kl. 4, verið fyrir utan veitingastofuna Barbró við Kirkjubraut 11 ásamt Halldóri Hallgrími Gíslasyni, er þeir hittu Ingunni og Evu Brá. Vitnið hefði síðan stöðvað bifreið Óla Arnar Atlasonar og fengið hann til að aka þeim fjórum að heimavistinni. Ingunn hefði sífellt kvartað undan miklum verk í höfði og þær vinkonur haft á orði, að hún væri með heilahristing af völdum lífamsárásar og hefði verið ráðlagt af sjúkrahúslækni að fara heim og leggjast fyrir. Á heimavistinni hafi Ingunn lagst til svefns, en þau hin farið að horfa á vídeó. Vitnið hafi þó fljótlega sofnað ölvunarsvefni og ekki vaknað fyrr en um kl. 9 að morgni.

Vitnið Halldór Hallgrímur Gíslason, kt. 261178-5839, bar á sama veg og Gunnar Örn um allan aðdraganda að förinni á heimavistina við skýrslugjöf hjá lögreglu 22. janúar 1996. Vitnið taldi þó líklegt, að klukkan hefði verið um 3, er þeir félagar hittu Ingunni og Evu Brá við Barbró. Vitnið kvað Ingunni hafa sofnað fljótlega, eftir að komið var á heimavistina, og skömmu síðar hafi Gunnar Örn sofnað þar ölvunarsvefni. Eftir það hafi vitnið rætt nokkra stund við Evu Brá, en síðan farið út af heimavistinni. Ekki náðist til þessa vitnis við aðalmeðferð málsins.

III.

Ákærðu, Linda Dögg, G, B og R, voru færðar til yfirheyrslu hjá lögreglu laugardaginn 20. janúar sl. Daginn eftir voru þær úrskurðaðar í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins. Ákærðu B og R var sleppt úr haldi að kvöldi mánudagsins 22. janúar, en ákærðu G morguninn eftir. Ákærða Linda Dögg sætti hins vegar gæsluvarðhaldi með tveimur úrskurðum allt til 16. mars, er hún var látin laus. Á varðhaldstímanum voru ákærðu yfirheyrðar tvívegis af lögreglu og gáfu einnig skýrslu fyrir dómi, ákærða Linda Dögg tvívegis. Verður nú rakinn framburður ákærðu, en því næst gerð grein fyrir framburði sjónarvotta og annarra vitna, að svo miklu leyti sem til skýringar horfir á málavöxtum.

A.

Ákærða B greindi svo frá við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 22. janúar sl., að allt hefði þetta byrjað fyrir framan verslunina Ozone við Kirkjubraut 8, er meðákærða G hefði farið að hnippast við Ingunni Guðmundu Pétursdóttur. Ákærða hefði síðan beðið Ingunni að koma með sér bak við húsið, en þar hugðist hún inna Ingunni eftir því, hvort hún hefði fyrr um kvöldið tekið bjór frá bróður ákærðu. Meðákærðu G og R hefðu síðan fylgt þeim eftir og G þá greitt Ingunni hnefahögg í andlitið. Ákærðu hefðu því næst allar þrjár byrjað að berja á Ingunni. Kvaðst ákærða meðal annars hafa tekið í hár Ingunnar og reynt að gefa henni „hnéspark“, en Ingunn náð að víkja sér undan. Ákærðu hefðu síðan þrjár saman fellt Ingunni til jarðar og því næst í félagi við meðákærðu Lindu Dögg, sem þá hefði verið komin á staðinn, sparkað margsinnis í hana liggjandi, þó ekki í höfuð, að því er ákærða taldi. Hefðu þær ekki linnt látum, fyrr en Daði Birgisson og Sólrún Engilbertsdóttir skárust í leikinn, en þá hefði Ingunn komist á fætur og hlaupið í átt að Suðurgötu. Ákærða kvaðst hafa elt Ingunni og náð henni á Suðurgötu við Akratorg. Meðákærðu hefðu síðan komið þangað og þær haldið barsmiðunum áfram. Sjálf kvaðst ákærða hafa slegið Ingunni utan undir, en sagði meðákærðu G hafa slegið hana með krepptum hnefa og hrint henni á hurð við verslun Guðmundar B. Hannah. Þar hefði með-

ákærða R einnig sparkað í fætur Ingunnar. Ingunn hefði síðan beðið ákærðu að tala við sig og þær þá farið yfir götuna, en meðákærðu G og R fylgt á eftir og þær tvær haldið áfram að berja og hrinda Ingunni við húsið nr. 64 við Suðurgötu. Þaðan hefði atgangan borist að húsinu nr. 62, þar sem meðákærða Linda Dögg hefði komið og tekið í hár Ingunnar, togað höfuð hennar niður og gefið henni spark í andlitið. Við höggið hafi heyrst „rosalega hár smellur“, . . . „eins og þegar maður rekur höfuðið í vegg“, og Ingunn „verið mjög rugluð þá á eftir“. Ákærða kvað meðákærðu hafa horfið á braut eftir þetta, en sjálf hefði hún labbað á eftir Ingunni og sagt henni að fara heim, áður en þetta yrði verra. Ákærðu hefðu þá allar verið búnar að veita Ingunni mörg högg í höfuðið. Anna Sigríður Jóhannesdóttir hefði síðan komið til þeirra og boðið Ingunni inn til sín, en ákærða þá farið í burtu.

Ákærða B skýrði frá málsatvikum á sama veg í öllum meginatriðum við skýrslugjöf fyrir dómi 21. janúar sl. Hún viðurkenndi að hafa slegið Ingunni með krepptum hnefa í andlitið, hrint henni til jarðar og sparkað í hana liggjandi fyrir aftan húsið nr. 8 við Kirkjubraut. Þá viðurkenndi ákærða einnig að hafa elt Ingunni frá Kirkjubraut að verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg og greitt þar Ingunni lófahögg í andlitið. Ákærða kvaðst fyrir dómi hafa verið undir áhrifum áfengis, er nefndir atburðir gerðust, en kvaðst þó muna vel eftir málsatvikum. Ákærða kvað það ekki hafa verið ætlun sína að meiða Ingunni, heldur aðeins skjóta henni skelk í bringu og tuska hana til.

Ákærða B kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Hún greindi frá atburðarás við Kirkjubraut 8 með líkum hætti og fyrr og viðurkenndi að hafa þar slegið Ingunni tvívegis í andlitið, þó ekki með krepptum hnefa. Ákærða var ekki viss, hvort hún eða meðákærða G hefði greitt Ingunni fyrsta höggið. Þá viðurkenndi ákærða að hafa sparkað nokkrum sinnum í fætur Ingunnar, eftir að hún féll til jarðar. Ákærða breytti fyrri framburði um ætlaðan þátt meðákærðu Lindu Daggar og kvað hana ekki hafa átt hlut að máli. Ákærða greindi einnig frá helstu atvikum við verslun Guðmundar B. Hannah á sama veg og áður. Hún kvað meðákærðu G þó aðeins hafa slegið Ingunni með flötum lófa og sagði meðákærðu R engan þátt hafa tekið í þeirri aðför. Meðákærða Linda Dögg hafi staðið hjá og hvatt ákærðu. Ákærða var sjálfri sér samkvæm við lýsingu á því, sem gerst hefði við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu, en kvaðst sjálf aðeins hafa hrint Ingunni. Meðákærða R hefði þar hrint Ingunni utan í rafmagnstengikassa. Ákærða kvað þau högg, er hún sjálf veitti Ingunni, ekki hafa getað valdið hinum alvarlegu áverkum, sem lýst er í ákæru. Ákærða gat litlar skýringar gefið á framangreindri háttsemi sinni, en taldi þær helstar, að Ingunn hefði fyrr um

nóttina verið búin að taka bjór frá bróður ákærðu og vini hans. Þá hefði Ingunn lengi verið búin að tala illa um ákærðu allar og meðákærða G verið henni reið.

B.

Ákærða G greindi frá því við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 23. janúar sl., að hún og meðákærða B hefðu greinda nótt milli kl. 2 og 2.30 hitt Ingunni Guðmundu fyrir framan verslunina Ozone við Kirkjubraut 8 og beðið hana að fara með þeim bak við húsið. Þar hafi komið til rífrildis út af „tveimur bjórum“, sem Ingunn átti að hafa stolið frá bróður meðákærðu B. Upp úr því hefðu ákærðu báðar byrjað að berja á Ingunni. Sjálf kvaðst ákærða hafa slegið hana tvívegis með flötum lófa. Meðákærðu Linda Dögg og R hefðu skömmu síðar verið komnar á staðinn. Ingunn hefði síðan fallið til jarðar, en af hvers völdum, vissi ákærða ekki. Hún kvaðst eftir það hafa sparkað einu sinni í fætur Ingunnar. Þá hefði hún séð meðákærðu R sparka snjó í andlit hennar. Ákærða kvaðst hins vegar hvorki hafa séð meðákærðu Lindu Dögg né B sparka í Ingunni. Atlaga ákærðu hefði síðan verið stöðvuð af einhverjum krökkum, og þá hljóti Ingunn að hafa komist í burtu. Ákærða kvaðst næst hafa séð Ingunni fyrir utan verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg. Þar hefði ákærða veist að henni, tuskað hana til og slegið hana utan undir með flötum lófa, en meðákærða B slegið hana með krepptum hnefa. Meðákærða Linda Dögg hefði fylgst með og hvatt þær áfram við barsmíðarnar. Atið hefði síðan borist yfir götuna, og þar við Suðurgötu 62 hefði meðákærða Linda Dögg tekið í hár Ingunnar, dregið hana niður og sparkað með öðru hnénu í andlit hennar. Ákærða kvaðst ekki hafa heyrt smell við þetta spark meðákærðu. Ingunn hefði hins vegar þagnað við höggið, gripið um andlit sér og orðið eitthvað undarleg. Ákærða hefði því næst sagt henni að fara heim.

Ákærða G skýrði með líkum hætti frá málsatvikum við skýrslugjöf fyrir dómi 21. janúar sl. Hún kvað meðákærðu B þó hafa byrjað að lemja Ingunni bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut og kvaðst sjálf aðeins hafa tuskað Ingunni til, en ekki veitt henni högg. Ákærða viðurkenndi að hafa sparkað einu sinni eða tvisvar í fætur Ingunnar, þar sem hún lá fyrir aftan nefnt hús, en kvað meðákærðu B og R einnig hafa sparkað í stúlkuna. Ákærða kvaðst hins vegar ekki hafa séð meðákærðu Lindu Dögg fyrr en við verslun Guðmundar B. Hannah. Ákærða viðurkenndi að hafa þar veist að Ingunni, tuskað hana til og slegið hana utan undir með flötum lófa. Þá viðurkenndi ákærða einnig að hafa veist að Ingunni og tuskað hana til fyrir framan húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu. Fram kom fyrir dómi, að ákærða hefði verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt, en hún kvaðst þó muna vel eftir at-

burðum. Ákærða kvað það ekki hafa verið ætlun sína að meiða Ingunni umrætt sinn.

Ákærða G kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Þar viðurkenndi hún að hafa í félagi við meðákærðu B og R veist að Ingunni bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut og skýrði frá nánari málsatvikum þar að lútandi með líkum hætti og fyrr. Ákærða kvaðst sjálf hafa „danglað“ einu sinni með öðrum fæti í læri Ingunnar og slegið hana einu sinni með peysuermi dregna fram á lófa. Ákærða kvað meðákærðu Lindu Dögg engan þátt hafa átt í þessari atlögu að Ingunni. Þá viðurkenndi ákærða að hafa síðar við verslun Guðmundar B. Hannah veist að Ingunni og slegið hana utan undir með peysuermi dregna fram á lófa. Ákærða skýrði frá málsatvikum þar að lútandi með líkum hætti og áður. Hún kvað Ingunni þá hafa verið ómeidda, en líklega reiða og hrædda og beðið meðákærðu B að ræða við sig. Loks viðurkenndi ákærða að hafa stjakað einu sinni við Ingunni við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu í kjölfar þess, að meðákærða R hefði hrint Ingunni frá hliði, sem þar er á milli húsanna. Ákærða kvaðst ekki hafa orðið vör við, að Ingunni hefði verið hrint á rafmagnstengikassa, sem þar er einnig. Ákærða kvaðst hafa verið hætt að skipta sér af Ingunni þarna á staðnum, er meðákærða Linda Dögg hefði komið aðvífandi, sagt eitthvað við Ingunni og því næst veitt henni hnéspark í andlitið, að því er ákærða taldi. Hún kvaðst þó hafa verið í 6-7 metra fjarlægð og því ekki geta lýst þessu nákvæmlega. Ákærða kundi enga skýringu á framferði sínu gagnvart Ingunni. Hún kvaðst ekkert hafa átt sökott við stúlkuna frá því fyrr um kvöldið og taldi þetta hafa verið „bara einhver fíflalæti“, sem gengið hefðu lengra en efni stóðu til. Ákærða kvaðst ekki hafa orðið vör við, að Ingunni væri veitt olnbogaskot í framangreindum atlögunum.

C.

Ákærða R skýrði svo frá við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 23. janúar sl., að hún og meðákærða G hefðu umrædda nótt verið staddar á Kirkjubraut, er þær sáu meðákærðu B vera að ræða við Ingunni Guðmundu fyrir framan verslunina Ozone. Ákærða hefði þar spurt Ingunni, hvort rétt væri, að hún hefði fyrr um kvöldið tekið bjór frá bróður meðákærðu B og félögum hans, en hún neitað. Eftir það hafi Ingunn farið bak við verslunina í fylgd meðákærðu B og G, en ákærða farið að spjalla við meðákærðu Lindu Dögg, sem þá hefði verið komin á staðinn. Þær tvær hefðu síðan gengið bak við verslunina og þá séð, hvar meðákærða B og Ingunn voru að rífast út af bjórnum. Meðákærða B hefði síðan slegið Ingunni í andlitið og því næst aftrað henni för af vettvangi. Ingunn hefði síðan fallið til jarðar og ákærðu þá allar tekið til við að sparka í hana, þar sem

hún lá í hnipri á jörðinni. Ákærða kvað öll spörkin hafa komið í fætur eða kvið Ingunnar, en að lokum hefði ákærða þó sparkað laust í höfuð hennar. Ingunn hefði þá náð að standa upp og hlaupið út á Suðurgötu í átt að Akratorgi. Ákærða kvað meðákærðu B og Lindu Dögg hafa hlaupið á eftir Ingunni, en sjálf hefði hún orðið eftir og verið að ræða við einhverja stúlku. Ákærða hefði þó fljótlega farið á eftir hinum stúlkunum í fylgd meðákærðu G og séð meðákærðu B vera að rífast við Ingunni við verslun Guðmundar B. Hannah. Kvað ákærða þær tvær hafa blandað sér í málið og farið að stríða Ingunni, en á meðan hefði meðákærða Linda Dögg staðið þar hjá og hlegið. Ingunn hefði síðan farið yfir Suðurgötu að húsinu nr. 64 og ákærðu allar nema Linda Dögg þá fylgt á eftir. Er Ingunn hugðist síðan fara inn í garð við nefnt hús, hefði ákærða stöðvað för hennar við garðshliðið, ýtt henni til baka og sagt, að þangað inn færi hún ekki. Meðákærðu B og G hefðu síðan sagt Ingunni að koma sér heim og Ingunn þá gengið í burtu, en ákærða farið að ræða við Ásgeir Sævarsson, Guðmund Óskar Ragnarsson og Reyni Leósson, sem þar hefðu verið staddir. Ákærða kvaðst ekki hafa séð meðákærðu Lindu Dögg gefa Ingunni „hnéspark“, en Linda Dögg hefði tvívegis skýrt ákærðu frá því síðar um nóttina og þá líkt eftir bresti eða brothljóði, sem heyrst hefði við höggið.

Ákærða R skýrði frá málsatvikum á sama veg í öllum meginatriðum við skýrslugjöf fyrir dómi 21. janúar sl. Hún viðurkenndi að hafa sparkað í fætur eða kvið Ingunnar Guðmundu, þar sem hún hefði legið á jörðinni bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut. Ákærða kvað meðákærðu B og G einnig hafa sparkað í Ingunni, en bendlaði meðákærðu Lindu Dögg ekki við þann verknað. Ákærða kvaðst í raun ekki hafa sparkað í höfuð Ingunnar, eins og frá var greint í lögregluskýrslu, heldur „sett fót í höfuð“ hennar í þeim tilgangi að ýta við henni. Þá hefðu meðákærðu ekki heldur sparkað í höfuð Ingunnar. Ákærða kvaðst ekki hafa orðið vör við aðrar atlögur gegn Ingunni, hvorki við verslun Guðmundar B. Hannah né við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu, en gat þess jafnframt, að hún hefði ekki fylgst með því, sem þar gerðist. Ákærða kvaðst fyrir dómi hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis umrædda nótt og því muna vel eftir öllum atvikum. Hún kvað aldrei hafa staðið annað til en tuskast í Ingunni án þess að meiða hana.

Ákærða R kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Ákærða greindi þar frá helstu málsatvikum á sama veg og hún hafði áður gert hjá lögreglu og fyrir dómi. Hún kannaðist ekki við að hafa hrint Ingunni Guðmundu á rafmagnstengikassa, en viðurkenndi að hafa ýtt við Ingunni, er hún hugðist fara inn á lóð í eigu frænku ákærðu. Ákærða kundi enga skýringu á framkomu sinn í garð Ingunnar og kvað árásina hafa verið tilefnislaus af sinni hálfu.

D.

Ákærða Linda Dögg skýrði svo frá við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 23. janúar sl., að hún hefði umrætt sinn verið stödd fyrir framan verslunina Ozone við Kirkjubraut 8, þegar meðákærða R hefði kallað, að meðákærðu G og B ætluðu að berja Ingunni Guðmundu. Meðákærða R hefði síðan hlaupið bak við verslunina og ákærða fylgt á eftir. Þar hefði hún séð meðákærðu G og B berja Ingunni og því næst hrinda henni til jarðar. Meðákærða R hefði þá blandað sér í málið og meðákærðu allar sparkað í Ingunni, þar sem hún lá á jörðinni. Spörkin hefðu flest komið í fætur og bak stúlkunnar, en eitt þó í hnakka hennar. Ákærða kvaðst ekki hafa séð, hver meðákærðu veitti Ingunni umrætt höfuðspark. Ákærða hefði spurt, af hverju þær væru að þessu, og annaðhvort meðákærða G eða R svarað því til, að Ingunn hefði tekið „tvo bjóra“ í leyfisleysi frá bróður ákærðu B. Ákærða kvaðst síðan hafa farið bak við næsta hús til að pissa og þá séð, hvar meðákærðu hlupu á eftir Ingunni um Suðurgötu í átt að Akratorgi. Ákærða hefði síðan fylgt á eftir og komið að meðákærðu, þar sem þær hefðu allar verið að löðrunga Ingunni Guðmundu fyrir utan verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg. Ákærða hefði þó ekki fylgst grannt með framvindu mála, þar sem hún hefði farið að spjalla við Guðmund Óskar Ragnarsson. Þó hefði hún séð, er Ingunn hljóp undan meðákærðu yfir Suðurgötu að húsinu nr. 64. Þar hefðu meðákærðu haldið áfram að áreita Ingunni. Sú atganga hefði síðan borist að húsinu nr. 62, en þar hefði Ingunn viljað fá að ræða við meðákærðu B. Ákærða, sem þá hefði enn verið stödd við Akratorg, hefði síðan gengið yfir götuna í fylgd Guðmundar Óskars, undið sér að Ingunni og sagt við hana: „Passaðu þig, að B geri ekki þetta við þig.“ Í sömu andrá hefði hún tekið í hárið á hnakka Ingunnar, keyrt höfuð hennar niður og gefið henni spark í andlitið. Ákærða kvað höggið hafa komið í enni Ingunnar og læri sitt rétt ofan við hné. Ákærða sagði við fyrri yfirheyrsluna, að heyrst hefði mikill smellur og Ingunn orðið afar ringluð á eftir. Við síðari skýrslugjöf sína hjá lögreglu kvaðst ákærða hafa heyrt „smá-brak“, og lýsti hún hljóðinu með því að smella fingrum. Ákærða kvaðst ekki hafa ætlað að meiða Ingunni og sagði sparkið hafa orðið mun fastara en efni stóðu til.

Ákærða Linda Dögg skýrði frá helstu málsatvikum á sama veg við yfirheyrslu fyrir dómi 21. janúar, en kvaðst þó ekki hafa sparkað í andlit Ingunnar, heldur keyrt höfuð hennar fram og lyft hægra fæti sínum upp á móti. Ákærða skýrði með líkum hætti frá málsatvikum við dómshyrslu 31. janúar og kvað þátt sinn í árásinni á Ingunni hafa falist í því einu að veita henni framangreint „hnéspark“. Ákærða kvað enni Ingunnar hafa lent á

hægra fæti sínum fyrir ofan hné. Við höggið hefði ákærða heyrð smá- „klikk“ í höfði Ingunnar, sem hún lýsti með því að smella fingrum. Ákærða vísaði að öðru leyti til framburðar síns hjá lögreglu og kvaðst hafa skýrt þar skilmerkilega frá aðild sinni að málinu. Fram kom, að ákærða hefði verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt, en hún kvaðst þó muna vel eftir öllum atvikum.

Ákærða Linda Dögg kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Hún mótmælti sakargiftum sér á hendur um ætlaða aðild að líkamsárás við Kirkjubraut 8 og við verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg og kvaðst engan þátt hafa tekið í slíkri aðför að Ingunni Guðmundu. Ákærða greindi síðan frá málsatvikum á sama veg og áður og viðurkenndi að hafa greint sinn veitt Ingunni högg á enni með hægra læri við húsið nr. 62 við Suðurgötu. Hún kvaðst hafa fundið til í lærinu eftir höggið. Ákærða árétt- aði, að hún hefði alls ekki ætlað að meiða Ingunni, heldur „bara að hræða hana“, en kunni enga skýringu á því, hvers vegna þess hefði verið þörf. Ákærða kvaðst á greindum tíma hafa vitað, að meðákærða B hefði gefið eða reynt að gefa Ingunni „hnéspark“ fyrir um nóttina, og því hefði hún við- haft þau ummæli, sem fyrir er getið, í sama mund og hún reiddi hægri fót- legg til höggs.

IV.

Daði Birgisson, kt. 080977-3529, og unnusta hans, Sólrún Engilbertsdóttir, kt. 061076-3609, voru greinda nótt að koma úr samkvæmi í félagsheimilinu Rein við Suðurgötu 67 og gengu þaðan saman inn á stífg, sem liggur gegnum almenningsgarð, að versluninni Ozone við Kirkjubraut 8. Þar urðu þau vör við hóp ölvæðra ungmenna, sem safnast höfðu saman bak við verslunina og horfðu á nokkrar unglingsstúlkur ganga í skrokk á kynsystur sinni. Þau Daði og Sólrún brugðust skjótt við og komu stúlkunni til aðstoðar, en við það komst hún á fætur og hljóp út á Suðurgötu í átt að Akratorgi. Vitni- in gáfu skýrslu hjá lögreglu 21. janúar sl. og greindu frá því, sem fyrir augu bar. Þá komu þau bæði fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Vitnið Daði kvað fjórar stúlkur hafa staðið að atlögunni. Það bar kennsl á tvær þeirra sem ákærðu G og R, en kvaðst ekki hafa þekkt hinar í sjón. Vitnið bar, að sér hefði fundist árás stúlkanna vera afar fólkskuleg. Tvær þeirra hefðu haldið fórnarlambinu, á meðan hinar hefðu „sparkað fast og illa í hana“. Þá hefðu þær einnig slegið stúlkuna í andlitið með krepptum hnefa. Stúlkann hefði síðan hniðið til jarðar og árásarmennirnir þá haldið áfram að lúskra á henni. Vitnið Sólrún kvaðst ekki vita, hversu margar stúlkur hefðu staðið að atlögunni, en þær hefðu lamið og sparkað í fórnarlamb sitt, sem setið

hefði á jörðinni bak við verslunina Ozone og snúið baki í vitnið. Vitnið bar kennsl á frænku sína, ákærðu R, í hópi árásmanna, en treysti sér ekki til að bera nánar um þátt hennar eða annarra í atlögunni vegna þess fjölda fólks, sem safnast hafði þar í kring. Þó kvaðst vitnið hafa séð dökkhærða stúlku með derhúfu sparka í fórnarlambið og taldi sig þekkja þar aftur ákærðu G, sem vitnið sá í réttarsal. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hvar framangreind högg og spörk hefðu komið í fórnarlambið, og gat ekki borið um, hversu föst þau hefðu verið. Vitnin kváðust bæði þekkja ákærðu Lindu Dögg og fullyrtu, að hún hefði ekki átt hlut að máli.

Erla Björk Jónasdóttir, kt. 091080-3119, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, kt. 070980-3719, og Katla Guðlaugsdóttir, kt. 201280-5089, voru greinda nótt staddar bak við verslunina Ozone við Kirkjubraut 8. Vitnin Erla Björk og Sigrún Ósk báru fyrir dómi, að þau hefðu þar séð Ingunni Guðmundu liggjandi í snjónum með ákærðu G, B og R standandi yfir sér. Vitnin báru, að þau hefðu ekki séð ákærðu lemja Ingunni. Hins vegar hefðu þær verið að sparka til hennar, svo að snjórinn þyrlandist upp í kringum hana.

Vitnið Katla skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði fyrst séð ákærðu B rífast við Ingunni og ásaka hana um eitthvað. Ingunn hefði neitað þeim sökum og ákærða þá slegið hana í andlitið. Síðan hefðu meðákærðu G og R einnig ráðist á Ingunni og þær báðar slegið hana í andlitið. Ingunn hefði öskrað á þær að láta sig í friði og reynt að komast undan, en meðákærða Linda Dögg, sem þá hefði verið komin á staðinn, hvatt vitnið og Sigrúnu Ósk til að hjálpa ákærðu við að lúskra á Ingunni. Ákærðu G, B og R hefðu síðan hrint Ingunni og fellt hana, en því næst byrjað að sparka í hana, þar sem hún lá í hnipri á jörðinni. Vitnið kvaðst halda, að meðákærða Linda Dögg hefði tekið þátt í þessu athæfi. Vitnið bar, að sér hefði ekki fundist spörkin vera föst, og flest hefðu þau komið í fætur Ingunnar, sem hefði ekki kveinkað sér undan þeim. Þá hefði ákærða R hugsanlega sparkað í höfuð Ingunnar, þegar ákærða tók upp á því að sparka snjó í andlit hennar. Vitnið kvað árásinna hafa fengið snöggan endi, er Daði Birgisson og Sólrún Engilbertsdóttir hefðu komið á vettvang og skammað ákærðu fyrir athæfið. Ákærðu G og B hefðu brugðist illa við afskiptaseminni, en Ingunn notað tækifærið og hlaupið áleiðis út á Suðurgötu. Ákærðu G, B og R hefðu síðan hlaupið á eftir henni. Vitnið kvaðst næst hafa séð til ákærðu fyrir utan húsið nr. 64 við Suðurgötu, þar sem þær hefðu allar veist að Ingunni. Er Ingunn síðan reyndi að komast gegnum hlið á girdingu við nefnt hús, hefði einhver ákærðu hrint henni frá og Ingunn þá lent með síðuna á rafmagnstengikassa. Vitnið kvað Ingunni hafa kveinkað sér undan högginu og borið sig aumlega. Ákærða Linda Dögg

hefði því næst tekið í hnakkann eða hárið á Ingunni, sveigt höfuð hennar niður og um leið sparkað öðru hné sínu mjög fast upp í höfuð Ingunnar, þannig, að heyrst hefði töluvert hátt „brákuhljóð“ eða „beinasmellur“. Höggið hefði komið ofan til og til hliðar við auga Ingunnar, sem hefði greinilega meitt sig mikið, þar sem hún hefði gripið um höfuð sér og gengið grátandi og hálfbogin bak við Suðurgötu 62. Ákærða B hefði farið á eftir henni og reynt að afsaka framferði stúlnanna, en síðan hefði vinkona Ingunnar, sem býr í næsta húsi, komið þar að og farið með Ingunni inn til sín.

Tvíburabræðurnir Ágúst Þór Tómasson, kt. 091078-5039, og Tómas Þór Tómasson, kt. 091078-5119, voru umrædda nótt á rúntinum í bifreið hins síðarnefnda ásamt Sigrúnu Ósk, Erlu Björk og Elíasi Kristjáni Þorsteinsyni. Tómas Þór ók bifreiðinni, en Ágúst Þór sat honum við hlið. Bræðurnir gáfu nær samhljóða skýrslur hjá lögreglu 20. janúar sl. og aftur fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Vitnin kváðust hafa verið á ferð um Suðurgötu, nálægt Akratorgi, er vitnið Tómas Þór hefði séð Ingunni hraða sér yfir götuna á undan ákærðu G, B og R. Þar á gangstétt við húsið nr. 64 hefðu ákærðu G og B náð Ingunni og veist að henni með ljótum munnsöfnuði og hrindingum sín á milli. Vitnið Tómas Þór hefði því stöðvað bifreiðina og lagt henni við gangstéttina í u. þ. b. tveggja metra fjarlægð frá stúlkunum gagnert til að fylgjast með, hverju fram færi. Vitnið Ágúst Þór hefði því næst skrúfað niður hliðarrúðuna sín megin, og fylgdust vitnin þaðan með framvindu mála. Ákærða R hefði þá einnig verið byrjuð að hrinda Ingunni. Vitnið Ágúst Þór kvað ákærðu jafnframt hafa sparkað í Ingunni og slegið til hennar, þó ekki hnefahögg. Vitnin báru bæði, að ákærða B hefði síðan skyndilega hrint Ingunni harkalega utan í rafmagnstengikassa milli húsanna nr. 64 og 62 og Ingunn þá greinilega meitt sig í síðunni. Í sama mund hefði ákærða Linda Dögg komið aðvífandi, rífið í hár Ingunnar og sveigt höfuð hennar niður og sparkað af miklu afli með hné í höfuð hennar. Hefði afar hár smellur heyrst við höggið og Ingunn greinilega vankast. Bar vitnið Tómas Þór, að augun hefðu ranghvolfst í höfði hennar. Ákærða Linda Dögg hefði síðan horfið strax af vettvangi og Ingunn ráfað bak við húsið nr. 62. Þar hefði ákærða B náð til hennar og tekið utan um hana, en Ingunn slitið sig lausa og gengið á brott.

Vitnin Erla Björk og Sigrún Ósk, sem fyrr er getið, voru, þegar hér var komið, farþegar í bifreið Tómasar Þórs Tómassonar. Vitnið Sigrún Ósk bar, að það hefði setið í aftursæti bifreiðarinnar og séð ákærðu G, B og R hrinda Ingunni á milli sín. Vitnið hefði ekki fylgst grannt með því, er síðan gerðist, en kvaðst þó hafa séð ákærðu Lindu Dögg taka í höfuð Ingunnar Guðmundu og gefa henni „hnéspark“. Vitnið treysti sér ekki til að meta,

hvort höfuð Ingunnar hefði komið í hné eða læri ákærðu, en kvað greinilegan smell hafa heyrst við höggið. Ingunn hefði síðan ráfað burt og ákærða B þá fylgt henni eftir og tekið utan um hana.

Vitnið Erla Björk bar fyrir dómi, að það hefði á greindum tíma verið í samræðum við öikumann bifreiðarinnar og farþega og því lítið fylgst með því, er gerðist fyrir utan. Vitnið hefði þó heyrst smell og verið sagt strax á eftir, að hann hefði komið frá „hnésparki“, sem ákærða Linda Dögg hefði veitt Ingunni.

Guðmundur Óskar Ragnarsson, kt. 220179-3389, Ásgeir Sævarsson, kt. 261279-3559, og Reynir Leósson, kt. 200879-5469, voru staddir á Akratorgi margumrædda nótt, er ákærðu og Ingunn komu þangað. Vitnið Guðmundur Óskar skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði greint sinn séð ákærðu G og B vera að rífast við Ingunni fyrir framan verslun Guðmundar B. Hannah. Einnig hefðu þær barið Ingunni nokkrum sinnum í andlitið með flötum lófa, ákærða G með peysuermi dregna fram á lófa. Ákærðu R og Linda Dögg hefðu staðið þar hjá, en ekkert haft sig í frammi gagnvart Ingunni. Atgangan hefði síðan borist frá torginu, yfir Suðurgötu og haldið þar áfram niður eftir gangstétt að húsinu nr. 62. Þar hefði ákærða Linda Dögg gengið að Ingunni, tekið í hárið aftan á hnakka hennar, keyrt höfuð hennar niður og sparkað öðru hnénu upp á móti. Vitnið treysti sér ekki til að fullyrða, hvort hné eða læri ákærðu hefði lent á höfði Ingunnar, en höggið verið þungt og komið á hægri hluta höfuðs. Vitnið kvað háan smell hafa heyrst við höggið, og hefði Ingunn öskrað og gripið um höfuðið, greinilega kvalin. Ákærða Linda Dögg hefði farið af vettvangi strax á eftir. Vitnið kvaðst hafa verið í rúmlega eins metra fjarlægð frá ákærðu og Ingunni og því séð atvikið greinilega.

Vitnin Ásgeir og Reynir gáfu nær samhljóða skýrslu fyrir dómi. Vitnin báru, að þau hefðu fyrst séð til ákærðu G, B og R fyrir utan verslun Guðmundar B. Hannah. Þar hefðu þær verið að rífast við Ingunni Guðmundu. Hvorugt vitnanna varð vart við, að ákærðu spörkuðu þar í Ingunni, en bæði kváðust þau hafa séð ákærðu G og B slá hana. Vitnið Reynir kvað ákærðu R einnig hafa tekið þátt í þeirri atlögu. Það kvaðst ekki vita, hvort ákærðu hefðu lamið Ingunni með krepptum hnefa eða slegið hana flötum lófa. Höggin hefðu a. m. k. ekki virst vera þung. Vitnið Ásgeir kvað höggin ekki hafa verið greidd með hnefa. Vitnin báru bæði, að ákærða Linda Dögg hefði ekki átt þarna hlut að máli. Vitnin kváðust skömmu síðar hafa heyrst smell og lítið þangað, sem hljóðið barst frá. Sáu vitnin þá Ingunni grípa um höfuð sér fyrir utan Suðurgötu 62. Vitnið Reynir kvað hana jafnframt hafa öskrað. Vitnið bar, að það hefði staðið hinum megin götunnar, í u. þ. b. 10

metra fjarlægð, er það heyrði fyrrgreindan smell. Vitnið Ásgeir kvaðst hafa staðið u. þ. b. þrjá metra frá og líkti smellinum við hljóð, „eins og heyrst, þegar slegið er í höfuð einhvers“. Vitnin fréttu bæði strax á eftir, að ákærða Linda Dögg myndi hafa gefið Ingunni svokallað „hnéspark“.

Vitnið Daníel Viðarsson, kt. 180180-5839, bar fyrir dómi, að það hefði greint sinn verið að koma fyrir hornið á mótum Mánabrautar og Suðurgötu, er það sá ákærðu Lindu Dögg sparka með hné í höfuð Ingunnar Guðmundu við húsið nr. 62 við Suðurgötu. Vitnið mundi ekki, hvort og þá hver viðbrögð Ingunnar hefði sýnt við högginu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu G og R á vettvangi, en ákærða B hefði staðið þar hjá ásamt fleira fólki.

Vitnið Anna Sigríður Jóhannesdóttir, sem fyrr er getið, bar fyrir dómi, að það hefði greinda nótt milli kl. 2 og 3 komið að Ingunni og ákærðu B fyrir utan heimili sitt að Suðurgötu 62 b. Hefði Ingunn hríðskolfið, verið grátandi og vírst miður sín. Vitnið hefði því farið með hana inn í þvottahús, en þaðan hefði Eva Brá Hallgrímsdóttir farið með hana á sjúkrahús.

Ingunn Guðmundu Pétursdóttir gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið mundi lítið eftir málsatvikum greinda nótt, en rámaði þó í, að ákærða G hefði gefið því „hnéspark“ fyrir aftan verslunina Ozone. Þá mundi vitnið eftir einhverju rifrildi við ákærðu B við verslun Guðmundar B. Hannah. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa átt nokkur samskipti við ákærðu R, en bar, að ákærða Linda Dögg hefði veitt því „hnéspark“ í höfuðið við húsið nr. 62 við Suðurgötu. Vitnið kvað höggið hafa verið þungt, og hefði það dofnað mjög í höfðinu strax á eftir. Vitnið kvaðst lítið muna, hvað síðan gerðist, en rámaði þó í að hafa sömu nótt farið einu sinni á sjúkrahúsið og einnig inn á heimavist fjölbrautaskólans. Vitnið kvaðst enga skýringu kunna á háttsemi þeirri, sem ákærðu væri gefin að sök í málinu.

Þórir Ragnarsson, heila- og taugaskurðlæknir, kt. 180752-2429, gaf skýrslu fyrir dómi vegna málsins. Vitnið bar, að sér hefði komið á óvart, að ekki skyldu hafa greinst marblettir á lærum og kálfum Ingunnar Guðmundu við læknisskoðun á Akranesi, enda ættu marblettir á húð almennt að koma fram innan mínútna eða klukkustundar frá áverka. Vitnið taldi líklegt, að áverki á höfði Ingunnar, þ. e. brot í höfuðkúpu, hefði stafað af „sljóum hlut eða fyrirbæri“. Áverkinn hefði því getað verið af völdum sparks eða annars höggs, s. s. við það, að viðkomandi félli í götuna. Vitnið taldi langlíklegast, að áverkinn hefði hlotist af höggi á hægra gagnaugasvæði, þ. e. fyrir ofan eða framan við eyra. Vitnið neitaði þó ekki, að högg annars staðar á höfuð, s. s. enni, gæti valdið sprungumyndun við gagnauga. Slíkt stafaði af því, að við ákomu dreifðist höggkrafturinn hringinn í kring-

um höfuðið og kæmi út, þar sem höfuðbeinið er veikast. Vitnið kvað bein oft vera næfurþunnt á gagnaugasvæði höfuðs, og þyrfti þá ekki sérlega þungt högg, til að sprunga myndaðist í beininu. Vitnið kvað misjafnt, hversu langur tími liði, frá því að höfuðbein brysti og þar til fólk kenndi sér alvarlegs meins. Slíkt réðist af því, hvort um bláæð eða slagæð væri að ræða og hversu mikil blæðing væri. Ef blæðing væri mikil, gæti sá, er áverka hlyti, misst meðvitund strax og ekki vaknað aftur. Einnig væri vel þekkt, að maður rotaðist stutta stund, en vaknaði síðan aftur með heilahristingseinkenni og væri þá alveg eðlilegur um tíma, en hrakaði síðan á næstu mínútum, klukkustundum eða jafnvel sólarhringum þar á eftir, allt eftir því, hversu hröð blæðing og blóðsöfnun í höfðinu væri. Í tilfelli Ingunnar hefði blæðing stafað frá nokkuð stórrí slagæð í ystu heilahimnu, sem kölluð sé bast, en blæðing þaðan sé gjarnan talsvert mikil og fylgi því mikill slagæðaþrýstingur. Basthimnan innan á höfuðkúpunni sé verulega mikið föst og haldi þannig á móti, en smám saman rífi þrýstingur frá blæðingunni þó upp himnuna frá innhveli höfuðkúpunnar, og myndist þá blóðköggull milli beinsins og þessarar ystu himnu. Vitnið treysti sér ekki til að meta út frá stærð slagæðar þeirrar, er rofnaði í höfði Ingunnar, eða stærð blóðköggulsins, sem tæmdur var úr höfðinu, hversu löng blæðing hefði verið, áður en aðgerð fór fram. Vitninu fannst þó líklegt, að þar hefði ekki verið um langan tíma að ræða, þ. e. ekki daga, heldur aðeins nokkrar klukkustundir. Aðspurt treysti vitnið sér ekki til að meta, hvort líklegra væri, að meira eða minna en sex klukkustundir hefðu liðið frá myndun áverkans til aðgerðarinnar, og kvað slíkt alltaf myndu vera ágiskun eina. Vitnið sagði algengt, að fólk, sem fengi jafnvel aðeins minni háttar heilahristing, lýsti dofatilfinningu í höfði. Vitnið kvað Ingunni síðast hafa komið í eftirlit til sín 22. eða 23. maí sl. Bati hennar hefði þá verið góður og í samræmi við áætlaðar batahorfur samkvæmt vottorði vitnisins, sem áður er rakið. Samkvæmt upplýsingum Ingunnar og móður hennar hefði þó orðið vart við persónuleikabreytingar, sem lýstu sér í því, að Ingunn ætti erfitt með minni, einbeitingu, úthald og þrek.

V.

Í álitsgerð Jónasar G. Halldórssonar, sérfræðings í klínískri taugasálfræði og fötlun, dagsettri 8. september 1996, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, kemur fram, að hann hafi lagt ýmis próf fyrir Ingunni Guðmundu og gert á henni taugasálfræðilega athugun. Í niðurstöðu álitsgerðarinnar segir meðal annars, að Ingunn hafi orðið fyrir alvarlegum heilaáverka og athuginin leitt í ljós skerta starfsemi vegna áverkans, og megi enn sjá eftirstöðvar

þess. Tengist eftirstöðvarnar einkum hraða og skipulagi í hugarstarfi, sjálfsstjórn, vinnsluminni, skammtímaminni, einbeitingu, úthaldi og hreyfiþáttum. Þá sýni niðurstaða greindarprófs málhömlunarmynstur. Einnig er lýst skapgerðarbreytingum og atferliserfiðleikum vegna skertrar sjálfsstjórnar, sem komi niður á félagslegri aðlögunarhæfni. Í niðurlagi álitserðarinnar segir svo:

„Á sumum sviðum hafa framfarir verið góðar frá því í mars, en minni framfarir eru á öðrum sviðum, t. d. hvað snertir sjálfsstjórn og einbeitingu. Of snemmt er að dæma um fullar afleiðingar heilaáverka Ingunnar. Það á eftir að koma í ljós, hvernig gengur að takast á við nám og störf. Einnig á eftir að koma í ljós, hvernig gengur í félagslegri aðlögun meðal jafnaldra. Einkenni frá framheila valda áhyggjum, þar sem vitað er, að einna erfiðast er að takast á við slík einkenni í endurhæfingu eftir heilaáverka og slík einkenni geta valdið auknum og langvarandi aðlögunarferfiðleikum hjá ungu fólki og verulegum vanda við nám og störf. Ingunn mun þarfnast stuðnings, meðferðar og endurhæfingar á næstu mánuðum og árum til að takast á við ofangreinda þætti.“

Samkvæmt vottorði Elmars Þórðarsonar, námsráðgjafa við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, dagsettu 9. september 1996, var Ingunn Guðmunda skráð í fullt nám við skólann haustið 1995 og stóðst öll próf í desember það ár. Þá hóf hún í ársbyrjun 1996 fullt nám og stundaði það vel til 19. janúar. Hún lauk þó engum áföngum og tók ekki próf við annarlok síðastliðið vor. Á haustönn 1996 var Ingunn skráð í rúmlega 60% nám.

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærðu G og B, sem er í samræmi við framburð meðákærðu Lindu Daggar og R og fær jafnframt stoð í vætti Kötlu Guðlaugsdóttur, að ákærðu G og B hafi aðfaranótt laugardagsins 20. janúar sl. í félagi ráðist á Ingunni Guðmundu Pétursdóttur bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut og ákærða G slegið hana a. m. k. eitt högg með flötum lófa í andlitið og ákærða B greitt henni a. m. k. eitt hnefahögg í andlitið, áður en þær hrintu Ingunni, svo að hún féll til jarðar. Með játningum ákærðu beggja og játningu meðákærðu R við rannsókn og meðferð málsins, sem eru í samræmi við framburð meðákærðu Lindu Daggar og styðjast einnig við framburð nefndrar Kötlu og vitnanna Sólrúnar Engilbertsdóttur, Erlu Bjarkar Jónasdóttur og Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, er einnig sannað, að ákærðu aðrar en Linda Dögg hafi, eftir að Ingunn Guðmunda féll til jarðar, í félagi sparkað margsinnis í fætur hennar og búk og ákærða R jafnframt einu sinni laust aftan í höfuð, áður en Ingunni Guðmundu barst utan-

aðkomandi aðstoð og komst undan áráðarmönnunum þremur. Með hliðsjón af framburði sömu aðila og fyrirbyggjandi niðurstöðum lækni-sskoðunar á bol og útlimum Ingunnar Guðmundu, annars vegar á Akranesi og hins vegar í Reykjavík, er ósannað, að afleiðingar greindrar áráðar hafi verið aðrar og meiri en rúmast innan marka 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Ber því að færa framangreinda háttsemi ákærðu G, B og R undir téða lagagrein.

Þá er sannað með játningum ákærðu G og B við rannsókn og meðferð málsins, sem stoð fá í framburði meðákærðu R og vætti Guðmundar Óskars Ragnarssonar, Ásgeirs Sævarssonar og Reynis Leóssonar, að ákærðu G og B hafi eftir atlöguna við Kirkjubraut 8 í félagi ráðist á Ingunni Guðmundu hjá verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg og slegið hana þar í andlitið með flötum lófa. Varðar sú háttsemi ákærðu beggja einnig við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Einnig er sannað með játningum ákærðu G, B og R, sem eru í samræmi við framburð meðákærðu Lindu Daggar og studdar vætti Kötlu Guðlaugsdóttur, Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, Ágústs Þórs Tómassonar og Tómasar Þórs Tómassonar, að ákærðu G, B og R hafi í beinu framhaldi atlögunnar við verslun Guðmundar B. Hannah þrjár í félagi veist að Ingunni Guðmundu með hrindingum við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu og meðal annars hrint henni utan í rafmagnstengikassa, sem þar er á milli húsanna. Þykir þetta atferli ákærðu þriggja einnig varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Linda Dögg hefur játað fyrir dómi að hafa umrædda nótt í beinu framhaldi framangreindrar atlögu meðákærðu að Ingunni Guðmundu fyrir framan húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu tekið í hár Ingunnar Guðmundu, sveigt höfuð hennar fram og niður og slegið því í fót sér fyrir ofan hné. Segir ákærða, að enni Ingunnar Guðmundu hafi lent á fæti sér og ákærða við það heyrt smá-„klikk“ í höfði hennar. Hefur ákærða lýst „klikki“ þessu með því að smella fingrum. Þá skýrði hún svo frá við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu að viðstöddum réttargæslumanni, er borin var undir hana skýrsla meðákærðu B þess efnis, að við höggið hefði heyrst „rosalega hár smellur“ og Ingunn Guðmunda verið mjög ringluð á eftir, að þetta væri rétt lýsing hjá meðákærðu, og gerði ákærða ekki athugasemdir við hana.

Vitnin Ágúst Þór Tómasson og Tómas Þór Tómasson, sem voru í 2-3 metra fjarlægð frá vettvangi, hafa lýst verknaði þessum með þeim hætti, að ákærða Linda Dögg hafi rifið í hár Ingunnar Guðmundu, sveigt höfuð hennar niður og sparkað af miklu afli með hné í höfuðið. Hafi heyrst afar hár smellur við höggið og Ingunn Guðmunda greinilega vankast. Skýrði

Tómas Þór jafnframt svo frá, að augu Ingunnar Guðmundu hefðu ranghvolft við höggið.

Vitnið Katla Guðlaugsdóttir kveður ákærðu Lindu Dögg hafa tekið í hnakkann eða hárið á Ingunni Guðmundu, sveigt höfuð hennar niður og um leið sparkað öðru hné sínu mjög fast upp í höfuð Ingunnar Guðmundu, svo að heyrst hafi töluvert hátt „brákuhljóð“ eða „beinasmellur“. Hafi Ingunn Guðmunda greinilega meitt sig mikið, þar sem hún hafi gripið um höfuð sér og gengið grátandi og hálfbogin bak við húsið nr. 62 við Suðurgötu.

Vitnið Guðmundur Óskar Ragnarsson hefur lýst aðferðinni við sparkið á sama hátt og að ofan greinir. Hafi höggið verið þungt og komið á hægri hluta höfuðs Ingunnar Guðmundu. Hár smellur hafi heyrst við höggið og Ingunn Guðmunda öskrað og gripið um höfuðið, greinilega kvalin.

Vitnið Daníel Viðarsson hefur einnig borið, að það hafi séð, er ákærða Linda Dögg sparkaði með hné í höfuð Ingunnar Guðmundu greint sinn.

Þá hefur vitnið Sigrún Ósk Kristjánsdóttir greint frá því, að það hafi séð ákærðu Lindu Dögg taka í höfuð Ingunnar Guðmundu og gefa henni „hnéspark“, og hafi greinilegur smellur heyrst við höggið.

Að lokum hafa vitnin Ásgeir Sævarsson, Erla Björk Jónasdóttir og Reynir Leósson öll skýrt frá því, að þau hafi heyrt smell, er umrætt högg varð. Báru bæði Ásgeir og Reynir, að Ingunn Guðmunda hefði gripið um höfuð sér eftir höggið, og vitnið Reynir segir hana jafnframt hafa öskrað.

Sannað er með ofangreindu trúverðugu vætti Ágústs Þórs Tómassonar, Tómasar Þórs Tómassonar, Kötlu Guðlaugsdóttur, Guðmundar Óskars Ragnarssonar, Daníels Viðarssonar og Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, að ákærða Linda Dögg hafi greint sinn gefið Ingunni Guðmundu hnéspark í höfuðið með þeim hætti, sem í ákæru greinir. Fær sú niðurstaða jafnframt stoð í vætti Ásgeirs Sævarssonar, Erlu Bjarkar Jónasdóttur og Reynis Leóssonar svo og framburði ákærðu sjálfrar um „klikk“ það, sem hún hefur líkt eftir með því að smella fingrum og segir hafa komið við höggið.

Vitnið Ingunn Guðmunda Pétursdóttir hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi dofnað mjög í höfðinu strax eftir hnésparkið frá ákærðu Lindu Dögg.

Vitnið Sævar Línal Helgason, sem ók Ingunni Guðmundu á sjúkrahúsið hið fyrra sinn, kveður henni hafa liðið mjög illa á leiðinni þangað. Hafi hún legið í aftursæti bifreiðar vitnisins á leiðinni á sjúkrahúsið, haldið báðum höndum um höfuðið, grátið og kvartað um, að hún myndi mikið til í því. Þá sá vitnið Ingunni Guðmundu aftur um klukkan 3.00 um nóttina, og hélt hún þá enn um höfuð sér.

Vitnið Eva Brá Hallgrímsdóttir hefur skýrt svo frá, að Ingunn Guð-

munda hafi, strax eftir að þær voru komnar út af sjúkrahúsinu, kvartað um höfuðverk og sagt, að sér væri kalt og flökurt.

Vitnið Indriði Ragnar Grétarsson hitti Ingunni Guðmundu, eftir að hún kom út af sjúkrahúsinu í fyrra skiptið. Leið henni þá mjög illa að sögn vitnisins og kvartaði sífellt um mikinn höfuðverk.

Vitnið Gunnar Örn Pétursson, sem fylgdi Ingunni Guðmundu á heimavistina, eftir að hún kom af sjúkrahúsinu, hefur á sama hátt greint frá því, að eftir að þangað kom, hafi hún sífellt verið að kvarta um höfuðverk, og jafnframt hafi hún haldið um höfuðið.

Í áður nefndu læknisvottorði Þóris Ragnarssonar frá 20. janúar 1996, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, kemur fram, að höfuðáverki sá, er Ingunn Guðmunda hlaut, hafi verið lífshættulegur og hún verið mjög hætt komin vegna hans, er hún kom á Sjúkrahús Reykjavíkur umræddan morgun, og hefði hún látist, ef aðgerðin hefði ekki verið gerð. Þá hefur læknirinn skýrt svo frá fyrir dómi, að langlíklegast sé, að umræddur höfuðáverki hafi hlotist vegna „beins áverka“ á gagnaugasvæðið, en enga ytri áverka hafi verið að sjá á höfði stúlkunnar.

Þegar framangreint er virt heildstætt og sérstaklega haft í huga, að hnéspark það, sem ákærða Linda Dögg veitti Ingunni Guðmundu umrætt sinn, var afar þungt, átta vitni auk ákærðu sjálfrar og meðákærðu B hafa greint frá smelli, sem heyrst hafi við höggið, og Ingunn Guðmunda ber sjálf, að hún hafi dofnað mjög í höfði eftir það, og jafnframt er litið til þess, að fjögur vitni hafa á skilmerkilegan hátt skýrt frá því, að Ingunn Guðmunda hafi kvartað um höfuðverk, allt frá því að hún hlaut höfuðhöggið og þar til hún lagðist til svefnis á heimavistinni, auk þess sem vitnið Þórir Ragnarsson hefur borið, að langlíklegast sé, að umræddur áverki hafi komið við högg á hægra gagnaugasvæði Ingunnar Guðmundu, er að mati dómsins komin fram lögfull sönnun, sem ekki verður vefengd með skynsamlegum rökum, fyrir því, að umrætt hnéspark ákærðu Lindu Daggar hafi valdið þeim alvarlega höfuðáverka Ingunnar Guðmundu, sem lýst er í ákæru.

Fullyrt verður af framangreindum læknisvottorðum og dómsframburði vitnisins Þóris Ragnarssonar, að árás Lindu Daggar hefði leitt til dauða Ingunnar Guðmundu, hefði bráðaáðgerð ekki verið gerð á höfði hennar umræddan morgun. Þá var árás ákærðu sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar, er ákærða beitti. Varðar háttsemi ákærðu samkvæmt framan-sögðu við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærðu G, B og R hafa allar unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Þegar refsingar

þeirra eru metnar, verður annars vegar að hafa í huga, að ákærðu réðust að tilefnislausu og í félagi á Ingunni Guðmundu og að atлага þeirra var einbeitt og nánast samfelld allt frá Kirkjubraut 8 og að Suðurgötu 62 með viðkomu við verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg. Á hinn bóginn ber að taka tillit til mjög ungs aldurs ákærðu. Samkvæmt því þykir refsing þeirra allra hæfilega ákveðin varðhald þrjú mánuði. Vegna ungs aldurs ákærðu og þar sem þær hafa ekki fyrr sætt refsingu af neinu tagi, þykir mega fresta fullnustu refsinga þeirra skilorðsbundið þrjú ár frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Lindu Dögg, sem orðin var fullra 18 ára, er umræddur atburður varð, verður refsað samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Árás ákærðu var í senn tilefnislaus, hrottafengin og lífshættuleg. Þykir refsing ákærðu samkvæmt því hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 21. janúar 1996 og þar til hún var látin laus 16. mars 1996, samtals 56 sólarhringar.

Samkvæmt 165. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að dæma ákærðu Lindu Dögg til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Geirs Þórissonar héraðsdómslögmanns, 175.000 krónur, ákærðu G til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hestaréttarlögmanns, 150.000 krónur, ákærðu B til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hestaréttarlögmanns, 150.000 krónur, og ákærðu R til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur. Enn fremur greiði ákærðu óskipt 175.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Það athugast, að vegna embættisanna dómsformanns hefur uppkvaðning dóms dregist lítillega.

D ó m s o r ð:

Ákærða Linda Dögg Ragnarsdóttir sæti fangelsi 2 ár. Til frádráttar refsingunni komi 56 sólarhringa gæsluvarðhaldsvist ákærðu.

Ákærða G sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærða B sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærða R sæti varðhaldi 3 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu G, B og R, og falli þær niður að liðnum 3 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærðu hver fyrir sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Linda Dögg greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Geirs Þórissonar héraðsdómslögmanns, 175.000 krónur.

Ákærða G greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Ákærða B greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Ákærða R greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Annar sakarkostnað, þar með talin 175.000 króna saksóknarlaun, greiði ákærðu óskipt.
